

Sp.

13. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd á lögum nr. 35 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

Flm.: Ólafur Thors, Stefán Jóh. Stefánsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað sex millj. króna lán til virkjunar Fljótaár, samkv. 1. gr. laga nr. 35 2. apríl 1943, gegn veði í virkjuninni og ábyrgð Siglufjarðarkaupstaðar.

G r e i n a r g e r ð .

Á síðasta þingi, er lög nr. 35 frá 2. apríl 1943, voru til meðferðar, urðu mjög rækilegar umræður um virkjun Fljótaár, svo að ekki er þörf á að skýra þetta mál frekar fyrir háttv. þingmönnum en þá var gert. Hæstvirtur fjármálaráðherra hefur hins vegar ekki viljað veita ríkisábyrgð þá, sem ríkisstjórninni er heimilað að veita í þeim lögum, nema fyrir liggja skýlaus fyriræli þingsins þar að lútandi, og er það orsök þessarar þingsályktunar.